

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2197  
komudagur 8.5. 2012

**frá Hrafnhildi Arnardóttur**

Hrafnhildur Arnardóttir [shoplifter@shoplifter.us]

**Sent:** 8. maí 2012 19:01

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Ég, Hrafnhildur Arnardóttir kt.021269-5229, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafn sem ferðamenn vlja njóta náttúrunnar við túnfóttinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömu leiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Hrafnhildur Arnardóttir  
kt.021269-5229